

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Völlum, Ölfusi.

Byggingarreitir fyrir hesthús, gistihús og skógrækt.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarráð Ölfuss þann 15. mars 2001 samþykkt deiliskipulag að skika lands úr jörðinni Vellir, Ölfusi, með þeim breytingum sem gerðar voru eftir auglýsingu, samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Deiliskipulagið er unnið af Landform Selfossi, dagsett 19. mars 2001. Sýndir eru tveir byggingarreitir, annar fyrir hesthús og hinn fyrir gistihús. Grunnflötur hvorrar byggingar fyrir sig skal ekki fara yfir 1500 m². Fyrir liggur samþykkt frá landbúnaðarráðuneytinu, dagsett 6. maí 1999 um að byggja megi gistihús á þeim stað sem sýndur er á uppdrættinum. Einnig kemur fram samningur við landbúnaðarráðuneytið dagsettur 25. september 2000 um leigu á um 43,5 ha landspildu úr landi Vorsabæjar. Samningur liggur fyrir, dagsettur 25. september 2000 við landbúnaðarráðuneytið, um 1,3 ha landsspildu vestan íbúðarhússins að Völlum fyrir skógrækt sem sýndur er á deiliskipulagsuppdrættinum.

Fyrir liggja byggingarskilmálar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 9. júlí 2004.

Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.